

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
dómsmálaráðherra
Dómsmálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík
postur@drm.is

Ágæti dómsmálaráðherra!

Ég er einn af umsækjendum um embætti Landsréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar með auglýsingu dómsmálaráðuneytisins 3. janúar 2020. Fyrr í dag var birt tilkynning á vef ráðuneytisins þar sem upplýst var um það hverjir væru umsækjendur um embættið.

Í ljós kom að meðal þeirra sem sækja um embættið eru tveir einstaklingar sem þegar hafa skipun sem Landsréttardómarar, en hafa ekki getað gengt starfinu síðan í mars 2019 þegar Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að skipan viðkomandi í embættið braut gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans sem tryggja á réttláta málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstól. Sú niðurstaða bíður nú frekari umfjöllunar yfirdeildar Mannréttinda-dómstólsins.

Í maí 2019 kom upp sambærileg staða er auglýst var laust til umsóknar embætti Landsréttardómara og þá mun afstaða ráðuneytisins hafa verið sú að það að umsækjandi væri skipaður Landsréttardómari stæði því ekki í vegi að hann gæti sótt um embættið. Þessa niðurstöðu ráðuneytisins frá í maí 2019 tel ég bersýnilega ranga. Það er mín afstaða að ekki standist að Landsréttardómari sem skipaður er ótímabundið í embætti sitt geti án þess að segja fyrst af sér embættinu sótt um laust embætti Landsréttardómara. Ég tel raunar að þessi niðurstaða sé svo augljós af eðlisrökum að varla ætti að vefjast fyrir nokkrum manni. Enginn getur sótt um embætti sem þegar gegnir því sama embætti.

Tilgangur þess að auglýsa laust embætti Landsréttardómara nú er sá að manna lausa stöðu sem losnaði vegna þess að einn dómara Landsréttar var skipaður Hæstaréttardómari. Þessum tilgangi verður augljóslega ekki náð með því að færa til mann úr einu embætti Landsréttardómara í annað. Sá vandi sem ólögmat embættisfærsla dómsmálaráðherra sumarið 2017 skóp dómskerfinu og þeim einstaklingum sem ekki hafa getað gengt störfum Landsréttardómara síðan í mars 2019 verður ekki leystur með slíkum stólaballett eða hnísustökki.


Væri sú afstaða um gildi umsóknar sem ráðuneytið tók í maí 2019 almennt lögð til grundvallar væri ekkert því til fyrirstöðu að til að mynda dómarar Hæstaréttar sæktu sjálfir um hverja þá stöðu sem auglýst yrði við réttinn. Þeir myndu að líkindum teljast meðal hæfustu umsækjenda og gætu með þessu, ef þeim biði svo við að horfa, komið í veg fyrir að unnt yrði að skipa nýja dómara meðan þeim sjálfum entist embættisaldur. Augljóst er að slík endaleysa stenst ekki.

Þá er að mínu mati augljós hætta á því að ef umsókn skipaðs Landsréttardómara yrði talin gild og myndi svo leiða til nýrrar skipunar umsækjandans í embætti Landsréttardómara gætu þeir sem svo kysu látið á það reyna hvort slík skipun teldist lögmat, einnig í ljósi þess að með slíkri skipan væri í raun verið að gera tilraun til að löghelga eftir á skipun dómara sem þegar hefði verið metin ólögmat. Ég tel talsverðar líkur á að niðurstaða dómstóla yrði sú að slík skipan stæðist ekki. Það væri, svo vægt sé til orða tekið, í ljósi forsögunnar, afar óheppilegt bæði fyrir

dómskerfið og umsækjandann ef það yrði niðurstaðan. Slíkur framgangur væri auk þess til þess fallinn að draga á langinn ríkjandi réttaróvissu um framtíðarskipan Landsréttar og fæli í sér afar sérkennileg skilaboð inn í yfirstandandi málarekstur fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Ég tel raunar að Landsréttur megi illa við frekari slíkum skakkaföllum.

Ég tel skyldu mína virðulegi dómsmálaráðherra að upplýsa þig um þessa afstöðu mína. Ég mun senda forsætisráðherra samrit þessa bréfs og jafnframt koma afriti þess til fjölmiðla. Þá vil ég áréttta að verði umsóknir skipaðra Landsréttardómara um skipun í embætti Landsréttardómara metnar gildar af hálfu ráðuneytisins áskil ég mér allan rétt til að láta á þá niðurstöðu reyna.

Reykjavík, 24. janúar 2020



Astráður Haraldsson